



## Fundargerð

**Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 10/2023 (nr. 100)**

**Dagsetning: 19. október 2023, Kl. 15:00 – 16:30**

**Staðsetning: TEAMS**

---

**Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfólk:** Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Laufey Haraldsdóttir (LH), Berglind Viktorsdóttir (BV), Róbert Smári Gunnarsson (RG) og Sveinn Margeirsson (SM). Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP) og Einar Kr. Guðfinnsson (EKG) boðuðu forföll. LH ritaði fundargerð.

Dagskrá 10 fundar 2023:

1. Dagskrá fundar nr. 100 (10/23). Til samþykktar
2. Fundargerðir fundar nr. 98 og 99 (8 og 9/23). Til samþykktar.
3. Stutt kynning á háskólaráði. Til upplýsinga
4. Húsnæðismál Háskólans á Hólum. Til upplýsinga
5. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands. Til upplýsingar
6. Önnur mál. Til upplýsinga
  1. Málþing til heiðurs Jóni Bjarnasyni þann 16. nóvember nk.
  2. Staðarhald á Hólum.

Afgreiðslur:

1. Drög af dagskrá fundar nr. 10/2023
2. Fundargerð fundar nr. 8 og 9/2023  
Liðir 1 og 2 voru samþykktir.

3. Kynning á háskólaráði.

Nýr varamaður í háskólaráði, Berglind Viktorsdóttir boðin velkomin til starfa.. Berglind er varamaður Sveins Margeirssonar og Einars Kr. Guðfinnssonar. Annað háskólaráðsfólk kynnir sig

4. Húsnæðismál Háskólans á Hólum.

1. Þann 25. sept. sl. var ákveðið að opna aftur 2. og 3. hæð í skólahúsinu á Hólum, í samstarfi við Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir, Eflu og Stoð, þar sem niðurstöður úr ryksýnatöku m.t.t. myglu komu vel út.

2. Unnið er áfram að úrbótum og uppbyggingu húsnæðis á Sauðárkróki og Hólum.

Komin er uppfærð fjárhagsáætlun fyrir lagfæringu á gamla skólahúsinu á Hólum sem hljóðar upp á 640 milljónir. Stjórnendur skólans vinna áfram að tillögu um að færa skólastarfsemi niður á hestahúsasvæði Hóla og að svokölluð "Hólatorfa" verði byggð upp sem menningar- og áfangastaður fyrir ferðafólk. Áfram er unnið með þá tillögu að ráðuneyti háskólamála feli forsætisráðuneytinu að taka yfir rekstur og viðhald á



skólahúsinu vegna menningarsögulegs gildis þess. Í athugun er sala ákveðinna eigna HH á Hólum, ekkert er fast í hendi enn þá.

Verið er að vinna að tillögugerð inn í fjárlaganefnd Alþingis með ráðuneyti háskólamála fyrir nýbyggingu á Sauðárkróki. Umsókn inn í Samstarf háskóla um aukið samstarf við Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum er unnið samhliða tillögunni.

#### 5. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands

Viðræður ganga vel. Unnið er að umsóknarskrifum í Samstarfssjóð háskólanna sem byggir á viljayfirlýsingu háskólanna tveggja frá 14. ágúst s.l. um aukið samstarf og samnýtingu innviða, mannauðs, þekkingar og færni. Markmið með verkefninu í samstarfssjóðinn lýtur að því að aukið samstarf eða sameining skili fjölbreyttara námsframboði, öflugri rannsóknum og auknum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Hér má nýta reynslu erlendis frá, t.d. af háskólakerfum þar sem háskólar starfa sem ein skipulagsheild en eru um leið sjálfstæðar starfseiningar á sínu háskólasvæði.

#### 6. Önnur mál

1. Málþing til heiðurs Jóni Bjarnasyni þann 16. nóvember nk heima að Hólum. Vinir og velunnarar Jóns, ásamt Háskólanum á Hólum standa að málþinginu. Rektor kynnti málið fyrir háskólaráði og var gerður góður rómur að því af fundarfólki.
2. Rektor upplýsti um stöðu á staðarhaldi á Hólum.

Fundi lokið kl 16:30